

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	23.06.2016
Málalýkill	09.30
Mál nr.	1606420



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 16. júní 2016

Tilvísun: 201605078 / 3.9

Efni: Landsskipulagsstefna 2015-2026

Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars síðastliðinn. Kveðið er á um gerð landsskipulagsstefnu í skipulagslögum, en hún felur í sér samræmda stefnu ríkisins um skipulagsmál.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að sjá um kynningu á landsskipulagsstefnu í samráði við ráðuneytið og hafa umsjón með framfylgd hennar. Stofnunin vill af því tilefni vekja athygli á eftirfarandi:

Viðfangsefni landsskipulagsstefnu 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér stefnu um fjögur viðfangsefni: Skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Undir hverju af viðfangsefnunum fjórum eru sett fram markmið og tilgreindar aðgerðir eða leiðir sem ætlað er að stuðla að framfylgd þeirra. Þingsályktunina og nánari upplýsingar má nálgast á www.skipulag.is og www.landsskipulag.is.

Skipulag á miðhálandi Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður viðfangsefni landsskipulagsstefnu hverju sinni, en hún skal þó ávallt marka stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands og taka þar við stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálandisins. Í samræmi við það skal umhverfis- og auðlindaráðherra fella niður Svæðisskipulag miðhálandis Íslands þegar fyrsta landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt á Alþingi. Þann 25. apríl sl. birti ráðherra auglýsingu um niðurfellingu Svæðisskipulags miðhálandis Íslands í B-deild Stjórnartíðinda.

Framfylgd landsskipulagsstefnu í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram sjónarmið og áherslur í skipulagsmálum, til útfærslu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Sveitarfélög skulu byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags og taka mið af henni við gerð skipulagsáætlana. Þar útfæra sveitarstjórnir hvernig þær telja best við eiga að vinna úr stefnunni innan sinnar lögsögu og í samvinnu við önnur sveitarfélög þegar þannig háttar.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir meta hvort þörf er á endurskoðun aðalskipulags. Sama gildir um svæðisskipulagsnefndir og endurskoðun svæðisskipulags. Ákvörðun um þörf á endurskoðun aðal- og svæðisskipulags skal m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kallar á endurskoðun skipulagsins, en skipulagslög mæla fyrir um að samræma skuli skipulagsáætlanir

sveitarfélaga landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Jafnframt þarf að taka mið af landsskipulagsstefnu þegar gerðar eru breytingar á aðal- og svæðisskipulagi.

Framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru tilgreind ýmis verkefni til að stuðla að framfylgd stefnunnar og styðja skipulagsgerð sveitarfélaga. Af þeim verkefnum sem tilgreind eru í landsskipulagsstefnu hefur umhverfis- og auðlindaráðherra sérstaklega beint til Skipulagsstofnunar, í samvinnu við aðrar stofnanir og sveitarfélög, að hefja vinnu við verkefni um kortlagningu víðerna og kortlagningu mannvirkja og þjónustu og mat á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á miðhálandinu. Einnig verkefni um fræðslu og miðlun upplýsinga um skipulagsmál og umhverfismat vindorkunýtingar. Auk þess mun ráðuneytið vinna að leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands fyrir skipulagsgerð.

Framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu kalla á náð og gott samráð og samstarf við sveitarfélög. Skipulagsstofnun mun hafa frumkvæði að því við vinnu að einstökum framfylgdarverkefnum. Jafnframt verða nýjustu upplýsingar um framgang framfylgdarverkefna landsskipulagsstefnu aðgengilegar á hverjum tíma á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is.

Kynning á landsskipulagsstefnu 2015-2026

Í haust eru fyrirhugaðir kynningarfundir í öllum landsfjórðungum. Skipulagsstofnun mun leita eftir samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga um nánari tímasetningu og fyrirkomulag þeirra.


Í haust mun jafnframt liggja fyrir kynningarrit um landsskipulagsstefnu 2015-2026, þar sem stefnan sjálf er aðgengileg ásamt skýringum við hana. Þangað til má nálgast landsskipulagsstefnu á www.skipulag.is og www.landsskipulag.is.

Samráðsvettvangur og ráðgjafarhópur um framfylgd landsskipulagsstefnu

Til að stuðla að góðri upplýsingamiðlun og samráði við framfylgd landsskipulagsstefnu mun Skipulagsstofnun mynda samráðsvettvang, sambærilegan þeim sem starfræktur var við mótun landsskipulagsstefnu, sem verður upplýstur reglulega um framfylgd stefnunnar og framvindu einstakra framfylgdarverkefna.

Skipulagsstofnun óskar því, hér með, eftir skráningu tengiliða á samráðsvettvanginn. Tilkynning um það sendist á netfangið landsskipulag@skipulag.is. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hyggst einnig skipa ráðgjafarhóp sem verður Skipulagsstofnun til samráðs um framfylgd stefnunnar.

Samþykkt landsskipulagsstefnu felur í sér að í fyrsta sinn liggur fyrir samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga. Í því felast tækifæri til að samræma, þróa og efla skipulagsgerð almennt og gera skipulagsáætlanir sveitarfélaga að enn virkari og betri stjórnækjum sveitarstjórna. Skipulagsstofnun hlakkar til samstarfs við sveitarfélögin um framfylgd stefnunnar og vinnu að þeim verkefnum sem tilgreind eru í henni.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Einar Jónsson

Samrit sent sveitarstjórum, formönnum skipulagsnefnda og skipulagsfulltrúum sveitarfélaga.